

Öll sönn þekking byggist á dómgreindinni og ályktunum hennar. Reglur þær, sem dómgreindin fylgir eru skynseminni meðskapaðar, einsog rúm óg tími. Samkvæmt reglum þessum má flokka allar ályktanir dómgreindarinnar eftir aðal einkennum þeirra. Kant nefnir tólf hugmyndaflokka (Kategorien), sem hann aftur skiftir í fjóra aðal flokka, þeir eru: stærð, eiginleikar sambond og hættir. Alt, sem skynjanlegt er, og innihald hverrar hugsunar tilheyrir einhverjum af þessum flokkum. Allir hlutir t.d. hafa einhverja stærð, og hvert hugtak táknað eitthvað sem er eitt af mörgu, eða þá eitthvað, sem er alsherjar og ekkert annað getur verið til samhliða. Sömuleiðis hefir alt einhverja eiginleika, t. d. virkileika, það er, eða neitun, það er ekki, eða þá í þriðja lagi takmörkun, það er að nokkru leyti Þriðji flokkurinn inniheldur skyldleika, orsakasamband og gagnverkandi áhrif; sá fjórði, hættir, skiftist í möguleika, tilveru og nauðsyn. Þetta eru hinir tólf hugmyndaflokkar Kants og undir þá heyrir á einhvern hátt alt sem í hugsun mannsins er, hvort sem það er ytri sannreyndir eða hrein hugtök. Lög þessi eru hvergi til nema í skynseminni. Kant er Hume samþykkur um að orsök og afleiðing séu ekki í hlutunum sjálfum, heldur aðeins í huga mannsins. Hume áleit að orsaka og afleiðinga sambandið væri aðeins til af vana, en Kant aftur á móti álitur það grundvallað í skynseminni og henni ófráskiljanlegt. Allir hinir hugmyndaflokkarnir eru nákvæmlega sama eðlis.

*Framh.*

---

## FRÉTTIR

---

Söfnuðir og félög únítara á Kyrrahafsströndinni héldu þíng í sumar í bænum Seattle. Samkvæmt skýrslum þeim, sem gefnar voru er útlitið þar vestra um viðgang frjálsrar trúar mjög glæsillegt. Únítarískar skoðanir hafa náð mikilli útbreiðslu þar á síðari árum. Margir söfnuðir hafa verið stofnaðir í ríkjum Washington, Oregon og California. Sumir þeirra eldri eru orðnir